

Félagsfundur um samkeppnismál, haldinn mánudaginn 27. maí 2019 á Sólon, Bankastræti.

Efni fundar: Samkeppnir og framtíð þeirra, niðurstaða kærunefndar útboðsmála vegna niðurstöðu í samkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðið og álit sem Arkitektafélagið sendi frá sér vegna kærunnar.

Mættir: Karl Kvaran, Böðvar Páll Jónsson og Sigríður Maack stjórnarmenn AÍ, Gerður Jónsdóttir framkv.stj. AÍ, Gunnar Örn Sigurðsson og Laufey Agnarsdóttir f.h. samkeppnisnefndar AÍ, Helgi Steinar Helgason fyrrv. formaður AÍ, Margrét Harðardóttir og Pétur H. Ármannsson sem sæti áttu í dómnefnd samkeppi um viðbyggingu Stjórnarráðsins, auk almennra fundargesta.

1. Lagt er til að Sigríður Magnúsdóttir verði fundarstjóri
* Samþykkt.
2. Karl Kvaran, formaður AÍ rekur forsögu máls, ferli samkeppninnar um viðbyggingu við Stjórnarráðið og les álit sem AÍ sendi frá sér vegna kærunnar.
3. Gunnar Örn Sigurðsson, formaður samkeppnisnefndar AÍ, flytur stutt erindi um störf samkeppnisnefndar og helstu áskoranir. Sem dæmi um samkeppnisumhverfi arkitekta nefndi hann hönnunarútborð um grunnskóla í Árborg þar sem ein verkfræðistofa var með 9 af 15 tilboðum. Verkefnið hefði verið tilvalið fyrir arkitektasamkeppni - þess vegna er mikilvætt að samkeppnir AÍ gangi vel fyrir sig.
4. Fundarstjóri lýsir félagsfund boðaðan með lögumætum hætti og opnar mælendaskrá:

Björn Jóhannesson segir að erfitt hafi verið að skilja samkeppnislýsinguna, misræmi hafi verið í kröfum um stærðir og að byggingarmagn hafi verið of mikið miðað við þröngar aðstæður á lóð.

Hrólfur Karl Cela telur að skoða verði samkeppnisformið og greina hvað við getum lært af fyrri reynslu. Vinna verði saman að því að finna lausnir. Ósamræmi í samkeppnisgögnum er dýrkeypt. Bera verði meiri virðingu fyrir tíma og peningum þátttakenda.

Ívar Örn Guðmundsson telur orðalag í álit AÍ eiga við. Spurningar vakni þó, t.a.m. um hæfi kærunefndar útboðsmála. Skoða verði áhrifavald („bullying“) verkkaupa í þessu samhengi og forsendur samkeppna út frá því. Einnig er spurning hvort skoða þurfi samkeppnisreglur AÍ, t.d. um hvað teljist brot á forsendum samkeppna, t.a.m. hvað þurfi til til að tillaga verði ekki tekin til dóms.

Hildigunnur Haraldsdóttir rekur að oft áður hafi verið ágreiningur vegna exeltaflna en tilgangur samkeppna sé sá að fá fram góðar tillögur. Mikilvægt að vinnureglan verði sú að í samkeppnislýsingu komi skýrt fram að byggingarlistin ráði fram yfir exelskjölin.

Hrólfur Karl Cela segir það mjög miður að í samkeppninni um stjórnarráðið hafi komið fram mismunur milli svara í fyrri og síðari fyrirspurnatíma.

Margrét Harðardóttir og Pétur H. Ármannsson, sem sæti áttu í dómnefnd samkeppni um stjórnarráðið, taka til svara

MH: Segja má að sú hefð hafi skapast að líta svo á að nettótölur séu til viðmiðunar. Dórnafnd hafi hins vegar gert athugasemdir við það að brúttótölur væru of lágar, að teknu tilliti til eldri byggingar, en ekki fengið breytt þar sem hér hafi ákveðin fjárveiting legið að baki stærðum. Rýmislýsingar og rýmistöflur eru sífellt að verða torræðnari. Dórnafnd hefði mátt vera ákveðnari í að þær væru settar fram með skýrari hætti. Varðandi misræmi í svörum fyrra og síðara fyrirspurnartímabils þá má velja því fyrir sér hvort ekki þurfi að taka mið af því framvegis að umhverfi okkar nú er með meiri lögformlegum hætti en áður.

PHÁ: Segja má að það hafi verið verkefnið sjálft fremur en samkeppnislýsingin sem var mótsagnakennt. Forsendur voru ill samræmanlegar. Dórnafnd hafi sjálf ekki verið viss um að verkefnið væri leysanlegt á þessari lóð. Dórnafnd hafi þurft að dæma út frá þessum mótsagnakenndu forsendum. Arkitektafélag Íslands þarf að vera meira krítískt á hvort fyrirhuguð samkeppni sé framkvæmanleg. Hér er áhugavert að skoða út frá hvaða forsendum kærán er dæmd. Hún er sett fram út frá mælanlegum stærðum en getum við sætt okkur við að það sé eina kríterían? Sem betur fer komst kæruneftndin að þeirri niðurstöðu að stærðarkríterían væri ekki afgerandi.

Hrólfur Karl Cela vill í framhaldi benda á að þrátt fyrir að við getum verið sammála um að byggingalistin eigi að vera í fyrsta sæti þá hafi leikreglur hér verið skakkar.

Steinþór Kári Kárasón, frá Kurtogpi sem eru höfundar vinningstillögu, bendir á að af þeim níu tillögum sem teknar voru til frekari skoðunar hafi vinningstillagan verið af meðalstærð. Mikilvægt sé að við stöndum vörð um vægi dórnafndar og að stærðarútreikningar hafi ekki allt að segja. Hér er úrskurðarneftnd að fara eftir því. Við þurfum að koma hlutunum í það form að hlutaðeigandi þurfi ekki að taka á sig lögfræðikostnað að auki.

Pétur H. Ármannsson spyr ef samkeppnisformið er ekki nothæft til að takast á við mótsagnarkennd verkefni þá hvað? Samkeppnir eru tilvaldar til að nálgast sama verkefnið út frá ólíkum forsendum. Níutíu ár eru frá fyrstu samkeppninni hér á landi og samkeppnisreglur frá 1948 eru sífellt til endurskoðunar. Hér er hærra hlutfall opinna samkeppna en í öðrum löndum. Samkeppni er virðisaukandi ferli. Spurningin er hvernig við ætlum að móta þetta umhverfi til framtíðar.

Ólafur Hersisson segir umræðu mikilvæga en að við þurfum samræmda afstöðu. Stærðir skipti máli til að geta borið saman sambærilega hluti. Stærðartafla sé mikilvægt tæki þótt hún eigi ekki að ráða úrslitum. Hann bendir á að nýlegt hönnunarútboð í Árborg sýni ákveðna samþjöppun í stærð verkfræðistofa og því breyttu vinnuumhverfi arkitekta.

Sigríður Magnúsdóttir, fundarstjóri, bendir á þá staðreynd að Alí hafi einugis aðkomu að litlum hluta þeirra samkeppna sem haldnar eru. Þegar félagið eigi í samvinnu við ríkið er stuðst við leiðbeiningar sem unnar hafa verið af Framkvæmdasýslu ríkisins.

Kristján Örn Kjartansson vill hér benda á tvö atriði. Annars vegar varðandi framtíð samkeppna þá þurfi að skoða betur möguleikann á skilum með rafrænum hætti. Hins vegar varðandi þá aðila sem halda samkeppnir þá eru þeir æði mismunandi, þ.m.t. alþjóðlegar samkeppnir á netinu. Alí þurfi að skoða alvarlega yfirstandandi samkeppni á vegum Landgræðslunnar um ferðamannaafstöðu í Dimmuborgum.

5. Fundarstjóri lýsir mælendaskrá tæmda.

6. Formaður Aí flytur lokaorð.
7. Fundi slitið